Nr. 317 17. mars 2014

# REGLUR

**um breytingu á reglum um inntöku nýnema í hagfræðideild Háskóla Íslands, nr. 188/2012.**

1. gr.

Á eftir 6. gr. bætist við ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á meðan inntökuprófi er ekki almennt beitt í Háskóla Íslands við val á nemendum í grunnnám, er hagfræðideild eftir atvikum heimilt að halda annað slíkt próf í ágúst ár hvert.

2. gr.

Reglur þessar hefur háskólaráð sett á grundvelli tillögu félagsvísindasviðs f.h. hagfræðideildar, með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 3. mgr. 47. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 17. mars 2014.*

**Kristín Ingólfsdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*